

## 182. fundur byggðaráðs Bláskógabyggðar, haldinn í Aratungu þann 28. apríl 2017 kl. 09:30.

*Mætt: Helgi Kjartansson, formaður í fjarverur Valgerðar Sævarsdóttir, Guðrún S. Magnúsdóttir sem varamaður Valgerðar Sævarsdóttur og Óttar Bragi Práinsson. Einnig var mættur Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð.*

Helgi Kjartansson lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu að inn komi einn nýr dagskrárliður, 7. Tillagan samþykkt samhljóða.

### 1. Fundargerðir til staðfestingar:

- 1.1. Íbúafundur í Aratungu, Reykholti þar sem kynnt voru áform um endurskoðun deiliskipulags Reykholts, dags. 3. apríl 2017. Samþykkt samhljóða.
- 1.2. 56. fundur skólanefndar Bláskógabyggðar. Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 518. fundur stjórnar SASS.
- 2.2. 849. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### 3. Þingmál til umsagnar:

- 3.1. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 6. apríl 2017; tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar (þingmál 378).  
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á umsögn um fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar. Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu.
- 3.2. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 10. apríl 2017; tillaga til þingsályktunar um opnun neyðarbrautarinnar á Reykjavíkflugvelli (þingmál 156).  
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á umsögn um fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar. Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu.
- 3.3. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 10. apríl 2017; tillaga til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll (þingmál 222).  
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á umsögn um fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar. Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu.
- 3.4. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 10. apríl 2017; tillaga til þingsályktunar um skiptingu útsvarstekna milli sveitarfélaga (þingmál 270).  
Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á umsögn um fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunar. Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við fyrirleggjandi tillögu.
- 3.5. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 10. apríl 2017; frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum (þingmál 184).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á umsögn um fyrirbyggjandi frumvarp til laga. Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp.

- 3.6. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 10 apríl 2017; tillaga til þingsályktunar um skipun starfshóps til að endurbæta löggjöf um vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra (þingmál 87).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á umsögn um fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar. Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við fyrirbyggjandi tillögu.

- 3.7. Tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis dags. 11. apríl 2017; frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur (þingmál 333).

Lagt fram tölvuskeyti nefndarsviðs Alþingis þar sem Bláskógabyggð er gefinn kostur á umsögn um fyrirbyggjandi frumvarp til laga. Byggðaráð Bláskógabyggðar hefur engar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp.

#### **4. Erindi frá Sýslumanninum á Suðurlandi:**

- 4.1. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 25. apríl 2017; umsókn um tækifærisleyfi í Íþróttahúsið á Laugarvatni frá Meðbyr ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar frá Meðbyr ehf. kt. 481105-0480 um tækifærisleyfi vegna sumartónleika, Midnight Sun Music, í íþróttahúsinu Laugarvatni.

Byggðaráð Bláskógabyggðar óskar eftir afstöðu skipulags- og byggingarfulltrúa til umsóknarinnar og frestar afgreiðslu erindisins þar til umbeðin afstaða liggur fyrir.

- 4.2. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 26. apríl 2017; umsókn um rekstrarleyfi vegna reksturs veitingastaðar, Geysir Golf Course kt. 120365-5259.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Geysir Golf Course kt. 120365-5259 um rekstrarleyfi vegna reksturs veitingastaðar í flokki II.

Byggðaráð Bláskógabyggðar óskar eftir afstöðu skipulags- og byggingarfulltrúa til umsóknarinnar og frestar afgreiðslu erindisins þar til umbeðin afstaða liggur fyrir.

- 4.3. Bréf Sýslumannsins á Suðurlandi, dags. 26. apríl 2017; umsókn um rekstrarleyfis vegna reksturs gististaðar í flokki IV, Héraðsskólinn ehf kt. 700513-0680.

Lagt fram bréf Sýslumannsins á Suðurlandi þar sem óskað er eftir umsögn Bláskógabyggðar vegna umsóknar Héraðsskólans ehf. kt. 700513-0680 um rekstrarleyfi vegna reksturs gististaðar í flokki IV.

Byggðaráð Bláskógabyggðar óskar eftir afstöðu skipulags- og byggingarfulltrúa til umsóknarinnar og frestar afgreiðslu erindisins þar til umbeðin afstaða liggur fyrir.

#### **5. Innsend bréf og erindi:**

- 5.1. Bréf reiðveganefndar Loga, dags. 6. apríl 2017; reiðvegur með Geysissvæðinu.

Lagt fram bréf reiðveganefndar Loga þar sem óskað er eftir afstöðu

Bláskógabyggðar við hugmyndum um nýja legu reiðvegar austan hverasvæðisins meðfram Beiná. Um er að ræða um 250 metra vegalengd frá ræsi við Beiná og upp með ánni norður fyri nyrðra bílastæðið.

Byggðaráð Bláskógabyggðar lýst vel á hugmyndina og vísar málinu til vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags Bláskógabyggðar. Einnig leggur byggðaráð áherslu

á að leitað verði eftir samþykki landeiganda, en það verður að liggja fyrir áður en legan verður færð inn á tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi.

- 5.2. Bréf formanns söngkórs Miðdalskirkju, dags. 3. apríl 2017; styrkbeiðni.  
Lagt fram bréf söngkórs Miðdalskirkju þar sem óskað er eftir fjárstyrk vegna starfsemi og reksturs kórsins.  
Byggðaráð Bláskógabyggðar bendir á að veittir hafa verið styrkir vegna ákveðinna verkefna eða viðburða til kóra innan Bláskógabyggðar. Þar sem ekki koma fram upplýsingar um slíkt í framlögðu bréfi þá er afgreiðslu frestað og óskað eftir frekari upplýsingum um til hvaða verkefnið umræddur styrkur skal nýttur.
  - 5.3. Tölvuskeyti Skógræktarfélags Íslands, dags. 6. apríl 2017; heiðursáskrift.  
Lagt fram tölvuskeyti Skógræktarfélags Íslands þar sem óskað er eftir því að Bláskógabyggð haldi áfram að styrkja útgáfuna með því að vera heiðursáskrifandi líkt og undanfarin ár. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að halda heiðursáskriftinni.
  - 5.4. Tölvuskeyti Umhverfisstofnunar, dags. 24. apríl 2017; samstarfssamningur um vöktun Þingvallavatns.  
Lagt fram tölvuskeyti Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir að fjárframlag sveitarfélagsins vegna vöktunar Þingvallavatns verði hækkað til samræmis við hækkun launavísitölu síðasta ár. Þannig verður hægt að halda sama vinnuframlagi við vöktunina og verið hefur. Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að framlag verði hækkað til að mæta hækkun launakostnaðar við verkefnið, enda gerir fjárhagsáætlun ársins ráð fyrir hækkun til að koma til móts við launahækkunir.
  - 5.5. Tölvuskeyti Icelandlastminute ehf, dags. 10. apríl 2017; tilboð um að vinna yfirlit yfir Airbnb gististaði í sveitarfélaginu.  
Lagt fram tölvuskeyti Icelandlastminute ehf. þar sem boðin er þjónusta við að draga saman yfirlit yfir Airbnb gististaði í Bláskógabyggð.  
Byggðaráð Bláskógabyggðar sér ekki þörf á því á þessum tímamarki enda Airbnb aðeins ein af fleiri sölusíðum sem nýttar eru á svæðinu til útleigu á gistirými. Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu er ætlað það hlutverk að hafa eftirlit með þessari starfssemi og nauðsynlegt að fá fyrst reynslu af þeirra starfi.
  - 5.6. Tölvuskeyti Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna, dags. 19. apríl 2017; tilboð um kaup á auglýsingu í blaði félagsins.  
Lagt fram tölvuskeyti Styrktarfélagssjúkra barna þar sem verið er að bjóða kaup á auglýsingu í blaði félagsins. Erindinu hafnað.
  - 5.7. Tölvuskeyti Bandalags íslenskra skáta, dags. 24. apríl 2017; tilboð um kaup á auglýsingu í blaði bandalagsins.  
Lagt fram tölvuskeyti Bandalags íslenskra skáta þar sem verið er að bjóða kaup á auglýsingu í blaði bandalagsins. Erindinu hafnað.
- 6. Erindi til kynningar:**
- 6.1. Tölvuskeyti Menntaskólans að Laugarvatni, dags. 24. apríl 2017; bókun skólanefndar ML vegna íþróttaaðstöðu á Laugarvatni.
  - 6.2. Ályktun frá ungmennaráðstefnu UMFÍ á Laugarbakka 2017.

- 6.3. Minnisblað Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Vegagerðarinnar, dags. 29. mars 2017; tillaga um tilhögun undanþáguveitinga á akstri og umgengni á friðlýstum svæðum á hálendinu.
- 6.4. Tölvuskeyti Minjastofnunar Íslands, dags. 18. apríl 2017; styrkir til undirbúnings tillögu að verndarsvæði í byggð.
- 6.5. Bréf HSK, dags. 6. apríl 2017; tillögur frá 95. héraðsþingi HSK sem beint er til sveitarstjórna.
- 6.6. Ársreikningur Minningarsjóðs Biskupstungna 2016.

**7. Úthlutun íbúðarinnar Kistuholt 3a, eldri borgaraíbúð, í Reykholti.**

Íbúðin Kistuholt 3a, Reykholti, sem auglýst var laus til umsóknar þann 27. mars 2017 með umsóknarfresti til 25. apríl 2017.

Alls bárust 5 umsóknir:

- Árný Helgadóttir, kt. 300947-2479, búsett í Reykjavík.
- Unnsteinn Egill Kristinsson, kt. 220547-2059 og Guðný Helga Jóhannsdóttir kt. 180947-2809, búsett í Reykjanesbæ.
- Júlíana Magnúsdóttir, kt. 250245-4169, búsett í Kistuholti 3b, Reykholti.
- Jónas Þorkell Jónsson, kt. 080951-3459 og Inga Ósk Jóhannsdóttir kt. 151153-2919, búsett í Kistuholti 5, Reykholti.
- Stefanía Hávarðsdóttir kt. 220446-4779 og Hörður Gilsberg kt. 220545-4235, búsett í Kistuholti 5a, Reykholti.

Byggðaráð Bláskógabyggðar samþykkir samhljóða að úthluta Stefaníu Hávarðardóttur og Herði Gilsberg íbúðina Kistuholt 3a, þar sem umsækjendur eru tveir einstaklingar sem uppfylla öll skilyrði sem gerð eru til umsækjenda. Í dag búa þau í minni íbúð sem hentar betur fyrir einn einstakling.

Jafnframt samþykkir byggðaráð Bláskógabyggðar að íbúðin Kistuholt 5a verði auglýst laus til umsóknar um leið og aðstæður leyfa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:30.

---

Helgi Kjartansson

---

Guðrún S. Magnúsdóttir

---

Óttar Bragi Þráinsson

---

Valtýr Valtýsson